

## Minnisblað

### Iagt fyrir fund Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar 31. ágúst 2018

Samkvæmt 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skulu félagsmálanefndir sjá til þess að veita fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. Markmið félagsþjónustu er að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti en á undanförunum árum hefur sá hópur einstaklinga farið stækkandi, sem er skilgreindur sem heimilislaus eða til svonefnds utangarðsfólks.

Á fundi Fjölskylduráðs þann 17. ágúst sl. var húsnæðisvandi utangarðsfólks til umfjöllunar og var eftirfarandi bókun gerð:

“Fjölskylduráð hefur mótttekið erindi Umboðsmanns Alþingis vegna húsnæðisvanda utangarðsfólks. Umboðsmaður beinir þeim tilmælum til sveitarfélagsins að farið sé yfir stöðu þessara mála í sveitarfélaginu og hvernig staðið sé að lögbundnum skyldum að þessu leyti. Fram kemur í svari Hafnarfjarðarbæjar til Umboðsmanns dagsettu 31. janúar 2018 að sveitarfélagið hefur leitast við að koma til móts við þennan hóp s.s. með húsnæði, stuðningi, ráðgjöf og auk þess sem samningur var gerður við Reykjavíkurborg sem kveður á um að einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði fá aðgang að neyðarathvörfum borgarinnar. Mikilvægt er að sveitarfélög, ráðuneyti og ríkisstofnanir leggist á árar við úrlausn þessa vanda. Fjölskylduráð felur sviðinu að leggja fram upplýsingar á næsta fundi um þann fjölda einstaklinga sem sækir þjónustu til Reykjavíkur í formi aðgengis að búsetuúrræðum fyrir heimilisláusa. Ennfremur að leggja fram upplýsingar um þau búsetuúrræði sem Hafnarfjarðarbær hefur til umráða fyrir einstaklinga með fjölpættan vanda og hvernig er staðið að þjónustu við þann hóp”.

Margar skilgreiningar eru til á heimilisleysi og fer fjöldi þeirra einstaklinga sem eru skilgreindir utangarðs eða heimilisláusir eftir því hversu víðar skilgreiningar eru notaðar við talningu þeirra. Árið 2005 setti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram skilgreiningu á heimilisleysi og flokkaði margvíslegar aðstæður heimilisleysis í 13 þætti. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur í sínum athugunum notast við sex þeirra og til að svara fyrirspurn ráðsins verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Einstaklingar sem búa á víðavangi við slæmar aðstæður/skilyrði (living rough).** Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.
- Einstaklingar sem búa í neyðarskýlum.** Gistiskýlið og Konukot. Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.
- Einstaklingar sem búa í athvörfum fyrir konur eða í Kvennaathvarfi.** Viðkomandi dvelur tímabundið í athvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt.
- Einstaklingar sem eru að ljúka stofnanavist innan þriggja mánaða. Fangelsi, sjúkrastofnanir, meðferðarstofnanir og áfangaheimili.** Nánari útskýring: Gera má ráð fyrir að viðkomandi verði utangarðs að sjúkrahúsi eða afplánun lokinni þar sem ekki er vitað um neinn ákveðinn

dvalarstað sem viðkomandi mun dvelja á. Viðkomandi dvelur jafnvel lengur á stofnuninni en þörf er á vegna skorts á húsnæði.

- Utangarðsfólk sem nýtur langatímahúsnæðisúrræðis vegna heimilisleysis.** Stuðningssambýli fyrir utangarðs einstaklinga. Langtímabúsetu-og stuðningsúrræði.
- Einstaklingar sem búa við ótryggar aðstæður.** Tímabundið hjá fjölskyldu og/eða vinum eða í ólöglegu húsnæði. Viðkomandi dvelur í hefbundnu húsnæði tímabundið og/eða án formlegs leigusamnings eða býr húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar. Viðkomandi er þar með í áhættuhóp á að verða utangarðs.

Samkvæmt ofangreindum þáttum eru einstaklingar á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ greindir með eftirfarandi hætti:

Þáttur	1	2	3	4	5	6
Fjöldi einstaklinga	5	0	0	4	0	33

Á biðlista um félagslegt leiguhúsnæði eru einstaklingar sem eiga í erfiðleikum með að fá húsnæði vegna fíknivanda og/eða geðrænna erfiðleika. Einnig er stór hópur einstaklinga sem flokka mætti undir þátt 6, sem fær ekki húsnæði á almennum leigumarkaði vegna skuldastöðu eða skorts á almennu leiguhúsnæði. Af þeim 25 einstaklingum sem flokkast undir þátt 6 eru 6 einstaklingar með tvíþættan vanda.

Hafnarfjarðarbær gerði samning við Reykjavíkurborg í júní 2017 um aðgang utangarðsfólks (með lögheimili í Hafnarfirði) að Gistiskýlinu og Konukoti á meðan húsrúm leyfir. Skv. Upplýsingum frá starfsfólki Konukots hafa sex konur leitað til þeirra á árinu. Skv. upplýsingum frá starfsfólki í Kvennaathvarfi hafa 12 konur með lögheimili í Hafnarfirði dvalið þar frá árinu 2016 og er skiptingin eftirfarandi: Árið 2016 komu 3 konur í dvöl, árið 2017 komu 7 konur og á þessu ári hafa 2 konur komið í dvöl. Óskað hefur verið eftir formlegum upplýsingum um nýtinguna í Gistiskýlinu en svör hafa ekki borist vegna sumarleyfis hjá þeim starfsmanni sem heldur utan um greiningar á nýtingu.

Reynslan hefur sýnt að einstaklingar með fíknivanda og/eða geðraskanir eiga erfitt með búsetu í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði jafnt sem félagslegu leiguhúsnæði. Einstaklingar með slíkan vanda eiga að hafa sömu möguleika og aðrir á því að fá úthlutað félagslegu leiguhúsnæði og skora hátt í mati á þörf við stigagjöf en í reynd eru möguleikar þeirra takmarkaðir. Félagslegu íbúðirnar að Álfaskeið 64 hafa t.d. þótt henta vel fyrir einstaklinga með slíka erfiðleika þar sem um séringgang er að ræða en ljóst að aðrir íbúar eiga erfitt með búsetu í návígi við þennan hóp.

Í ljósi ofangreinds er ljóst að þörf er á búsetuúrræðum og mikilvægt að Hafnarfjarðarbær komi á laggirnar áfangaheimili til að tryggja einstaklingum með fjölþættan vanda, örugga búsetu með það að markmiði að styðja einstaklingana til að ná tókum á lífi sínu og komast aftur út í daglegt líf. Rétturinn til félagslegs öryggis felur í sér að til staðar sé skilvirkt kerfi sem tryggir að allir fái grundvallarþörfum sínum mætt.

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri.



**HAFNARFJÖRÐUR**